

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Vanquin 50 mg húðaðar töflur pýrvín

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Vanquin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Vanquin
3. Hvernig nota á Vanquin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Vanquin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Vanquin og við hverju það er notað**

Vanquin er notað til meðferðar á njálg. Það drepur bæði njálginn og lirfur hans og kemur þannig í veg fyrir að smitandi egg verði til. Vanquin hefur ekki áhrif á þau egg sem þegar hafa orðið til.

Njálgur er algengastur í barnafjölskyldum. Agnarsmá egg njálgsins, sem liggja í þúsundatali rétt fyrir utan endaparmsop, valda kláða. Venjulega hafa allir í fjölskyldunni smitast og því er ráðlagt að allir fjölskyldumeðlimir fái meðhöndlun á sama tíma. Þar sem Vanquin hefur ekki áhrif á þau egg sem þegar hafa orðið til er ráðlagt að allir endurtaki meðferðina 2-3 vikum síðar.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Vanquin**

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

**Ekki má nota Vanquin:**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir pýrvíni eða einhverju öðru innihaldsefni Vanquin (talin upp í kafla 6).

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá lækningurinn áður en Vanquin er notað.

Virka efnið í Vanquin er sterkt litarefni og því verða hægðir rauðar. Töflurnar á ekki að tryggja heldur kyngja þeim strax til að koma í veg fyrir að þær liti tennur og munn. Hugsanleg uppköst eru rauðleit og geta valdið varanlegum blettum.

Auk meðferðar með Vanquin er mjög mikilvægt að gæta hreinlætis til að útrýma njálgi. Sjá ráðleggingar varðandi hreinlæti í kafla 3.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Vanquin**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

### **Notkun Vanquin með mat eða drykk**

Vanquin á að taka strax að lokinni máltíð.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Akstur og notkun véla**

Vanquin hefur ekki áhrif á öryggi við vinnu eða hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Vanquin inniheldur súkrósa, metýlparahýdroxýbenzóat (E 218), própýlparahýdroxýbenzóat (E 216), natríum og natríumbensóat (E 211).**

Súkrósi: Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

Metýlparahýdroxýbenzóat (E 218) og própýlparahýdroxýbenzóat (E 216): Geta valdið ofnæmisviðbrögðum (hugsanlega síðkomnum).

Natríum karmellósa: Þetta lyf inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Natríumbensóat (E 211): Þetta lyf inniheldur 0,0178 mg natríumbensóat í hverri töflu.

### **3. Hvernig nota á Vanquin**

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Fullorðnir og börn (þyngri en 10 kg): Ein tafla á hver 10 kg líkamsþyngdar. Skammtar eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

<b>Þyngd í kg (u.þ.b.)</b>	<b>Fjöldi taflna</b>
10-14	1
15-24	2
25-34	3
35-44	4
45-54	5
55-64	6
65-74	7
75 og yfir	8

Lyfið á að taka inn í einum skammti strax eftir máltíð.

Töflurnar skal taka inn með glasi af vatni.

Töflurnar má ekki tryggja þar sem þær geta litað tennur og munn.  
Til þess að koma í veg fyrir frekara smit á að meðhöndla alla fjölskyldumeðlimi með lyfinu á sama tíma.  
Endurtaka á meðferðina eftir 2-3 vikur.

### **Notkun handa börnum**

Börn yngri en tveggja ára ættu ekki að nota lyfið nema samkvæmt læknisráði.

### **Hreinlæti**

Auk meðferðar með Vanquin er mikilvægt að gæta hreinlætis til þess að árangur náist.

- Þvoið endaðarmsop og húðsvæðið í kring daglega með vatni og sápu.
- Þvoið hendur oft. Haldið nöglum hreinum og stuttum.
- Sofið í náttbuxum eða buxum sem liggja þétt að. Skiptið um nærföt og náttföt daglega.
- Skiptið um og þvoið sængurföt oft.
- Notuð föt á að þvo sama dag og skipt er um þau.
- Baðkar, baðherbergisgólf og salernissetu á að þrifa daglega.
- Við kláða má fjarlægja njálg t.d. með bómullarpinna. Njálg er oft að finna í fellingunum við endaðarmsop. Þvoið svæðið vel á eftir.
- Njálgur leggst ekki á gæludýr en egg hans geta leynst í feldi dýranna. Baðið því hunda og ketti oft en venjulega.

### **Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið lyfið meðferðis.

Ef of stór skammtur er tekinn geta komið fram einkenni eins og greint er frá í kafla 4.

### **Ef gleymist að taka Vanquin**

Ef þú gleymir að endurtaka meðferðina innan 3 vikna frá því að meðferðin hófst skaltu hafa samband við lækinn eða lyfjafræðing.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar**

**Algengar aukaverkanir** (koma fram hjá allt að 10 af hverjum 100 sjúklingum):

- Ógleði, uppköst, magaverkir og niðurgangur

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (koma fram hjá allt að 10 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- Ofnæmisviðbrögð
- Ljósnaemi

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Vanquin**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geyma má lyfið við stofuhita.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Vanquin inniheldur**

Virka innihaldsefnið er pýrvín sem pýrvínembónat.

Önnur innihaldsefni eru:

Póvídón, pólysorbat 80, mannítól (E421), natríum karmellósa, maísterkja, talkúm, magnesíumsterat, gelatína, súkrósi, shellakk, kalsíumkarbónat (E 170), hvítt vax, natríumbenzóat (E 211), metýlparahýdroxýbenzóat (E 218), própýlparahýdroxýbenzóat (E 216), rautt járnoxíð (E 172).

### **Lýsing á útliti Vanquin og pakkningastærðir**

Vanquin 50 mg húðaðar töflur eru rauðar, kúptar, kringlóttar húðaðar með 10 mm þvermál.

Pakkningastærðir: 8 og 32 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### **Markaðsleyfishafi:**

Viatrix ApS  
Borupvang 1  
2750 Ballerup  
Danmörk

#### **Framleiðandi:**

Haupt Pharma Berlin GmbH,  
Moosrosenstrasse 7,  
12347 Berlín,  
Þýskaland.

#### **Umboð á Íslandi:**

Icepharma hf.  
Lynghálsi 13  
110 Reykjavík

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í október 2021.**